Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

# Fundargerð
# 31. eigendafundar Strætó bs.

## Fjarfundur
## Þriðjudaginn 15. júní 2021, kl. 12:15

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Mætt:

**f.h. eigenda Strætó bs.:**

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogi.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ.

**frá stjórn Strætó bs.:**

Hjálmar Sveinsson, Reykjavík
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Helga Ingólfsdóttir, Hafnarfirði.
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

***1.*** **Útvistun á akstri /***málsnr. 2105001*

Fyrir liggur tillaga um að stofna verkefnahóp og kaup á verkefnastjórnun er hefur þann tilgang að rýna þá möguleika sem fyrir hendi eru í útboðshlutum og koma með tillögur til stjórnar Strætó haustið 2021 um stærð og tímasetningu útboða m.t.t. þess að útboðum sé skipt upp á mismunandi ár ásamt áhættumati á verkefninu. Hópurinn sé skipaður fulltrúum með sérfræðinguþekkingu á leiðakerfinu, innkaupamálum o.fl. Hjálmar Sveinsson og Jóhannes Rúnarsson kynna.

Umræður.

**Niðurstaða fundar.**

Samþykkt. Tillögur verði lagðar fram eigi síðar en í byrjun október 2021.

**2. Kostnaðarskipting rekstrarframlaga milli sveitarfélaga /** *málsnr. 2105002*

Núverandi kostnaðarmódel þarfnast endurskoðnar og tímabært að samhliða innleiðingu á nýju leiðaneti verði kostnaðarskiptingin yfirfarin og endurskoðuð.

**Niðurstaða fundar.**

Samþykkt að unnið verði að málinu með fulltrúm stjórnar og sérfræðingum Strætó. Skoðaðar verði fyrirmyndir frá Norðurlöndunum í þessu efni og skoðuð tækifæri í nýju greiðslukerfi.

**3. Heimild til grænnar lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaganna**

Stjórn Strætó hefur leitað leiða til langtímalántöku til rekstra og fjárfestinga hjá Lánasjóði Sveitarfélaga að upphæð 400 millj. kr. Skv. fyrirliggjandi upplýsingum er búið að rýmka heimildir sjóðsins til lánveitinga og getur hann nú lánað til rekstra og fjárfestingar til skemmri tíma. Mikilvægt er að fjárfesta í nýjum vögnum til þess að lágmarka áhættu á þjónustubresti og ná niður rekstrarkostnaði.

Fyrir liggur beiðni hjá sveitarfélögunum um 300 millj. kr yfirdrátt sem þrautarvaraleið, en fyrrnefnd lántaka myndi koma í stað yfirdráttar.

Niðurstaða fundar.

Lagt fram og kynnt. Heimild fyrir 400 milj. kr lántöku liggur fyrir í fjárhagáætlun Strætó bs fyrir árið 2021.

**4. Önnur mál.**

Samræming kjara stjórnarmanna í stjórn Strætó og Sorpu. Framkvæmdastjóra SSH falið að skoða og fara yfir málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:10.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026